

Nr. 063 / 10 Freri RE 73***Skipverji fellur og slasast***

Skipaskr.nr. 1345
Smíðaður: Pasajes Spáni 1973 Stál
Stærð: 1065 brl. 1723 bt.
Mesta lengd: 78,9 m Skráð lengd: 71 m
Breidd: 11,6 m Dýpt: 7,9 m
Vél: Wartsila 3680 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 27



Freri ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. maí 2010 var Freri RE 73 á veiðum á SV miðum. Veður: NNA 3-5 m/sek.

Búið var að taka trollið og hífa fyrri færana með pokagilsinum. Þegar verið var að slaka henni lenti netið yfir fætur eins skipverjans svo hann féll aftur fyrir sig. Hann féll yfir í bakborðsganginn og lenti höfuð hans á rörahlíf svo sprakk fyrir á hnakka og hann rotaðist.

Slasaði var borinn inn í íbúðir þar sem gert var að sárum hans. Skipið hélt þegar áleiðis til lands og kom björgunarbáturinn Þorsteinn úr Sandgerði á móti skipinu og flutti slasaða í land.

Við rannsókn kom fram:

- að tveir skipverjar voru uppi á pokanum og voru þeir búnir að slá seinni stroffunni á pokann. Verið var að slaka í pokagilsinn jafnframt því sem slaki belgsins lagðist fram eftir með framgilsí. Lítilsháttar slagsíða var yfir til bakborða svo lausa netið úr pokanum hrúgaðist yfir ristar annars skipverjan og þegar það lagðist upp á fætur hans féll hann;
- að slasaði sagðist hafa vitað af líflínuvírnum (*braut fyrir blakkir líflínanna*) fyrir aftan sig og hugsað sér að grípa til hans sér til stuðnings en ekki náð;

- að skipverjarnir stóðu uppi á pokanum í um eins til eins og hálfsmetra hæð frá þilfarinu og voru báðir með öryggishjálma en slasaði fékk um fimm sm langt sár neðarlega á hnakkann fyrir neðan hjálmbarðið;
- að slasaði var með öryggishjálma af gerðinni „*Protector Style 300 Elite Safety Helmet*“ (sjá mynd);
- að slasaði hafði áratuga reynslu í togarafлотanum.



Nefndarálit:

Orsök slyssins var óvarkárni slasaða.